



Borgarbókasafnið



BORGARBÓKASAFNIÐ



BORGARBÓKASAFNIÐ

KYNNING FYRIR MENNINGARRÁÐ 11.09.2026

Pálína Magnúsdóttir



Borgarbókasafnið starfar í samræmi við:

- Bókasafnalög nr. 150/2012,
- Yfirlýsingu UNESCO og alþjóðasamtaka bókasafna (IFLA) um almenningubókasöfn frá 2022
- Menningarstefnu Reykjavíkurborgar
- Samþykkt fyrir Borgarbókasafn frá 2025

Menningarráð Reykjavíkur fer með hlutverk stjórnar safnsins skv lögum og gerir tillögur til borgarráðs um stefnmörkun í málefnum þess, hefur eftirlit með rekstri og að samþykktum og stefnu sé fylgt. Stjórn Borgarbókasafns er að öðru leyti í höndum borgarbókavarðar eins og segir í samþykktum fyrir safnið



Staður fyrir fjölskyldur.
Að geta gert eitthvað sem
brýtur upp hversdaginn án
þess að það kosti peninga

Foreldri í spurningakönnun um bókasafnið

Langar mest að
eiga bókasafnið

Nemandi við Klébergsskóla

Hlutverk

Borgarbókasafn Reykjavíkur hóf starfsemi 19. apríl 1923. Safnið er alhliða upplýsinga- og menningarstofnun og meginhlutverk þess er að jafna aðgengi að menningu og þekkingu. Borgarbókasafnið heyrir undir menningar- og íþróttasvið Reykjavíkur-borgar og starfar í samræmi við gildandi lög um bókasöfn sem og önnur lög, reglugerðir og samþykktir er þau varða. Safnið leggur áherslu á **fagmennsku** í starfi enda gegnir það forystuhlutverki meðal almennings-bókasafna á Íslandi og sækir fyrirmyndir sínar til fremstu bókasafna heims.

Starfsemi Borgarbókasafnsins stuðlar að lýðræði og eflir víðsýni með því að vera opið öllum án tillits til aldurs, kyns, kynþáttar, stjórnmálaskoðana, trúar, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu. Lögð er áhersla á gott **aðgengi** að þjónustu, nýsköpun í fræðslu og viðburðum á sviði **menningar** í sinni fjölbreyttustu mynd. Með þessu móti vill Borgarbókasafnið vera staður þar sem **virðing** er borin fyrir öllum óháð stétt og stöðu, hlutlaust athvarf í borgarlandslaginu og griðarstaður fyrir mennskuna

Gildi

Gildi okkar endurspeglar fyrir hvað við stöndum sem skipulagsheild. Þau eru starfsfólki innblástur og leiðarljós í framlínustörfum og upplýsingamiðlun. Þau eru lykilsteinar í brúarsmíð þekkingar og hugmynda fólks, starfsfólks jafnt sem notenda.



Alltaf einhver sem maður þekkir sem tekur á móti manni með bros á vör


Fastagestur á fjölskyldumorgnum í Gerðubergi




Nútíma bókasöfn eru suðupottur samfélagslegrar nýsköpunar



FÓLK
LADAR AD
SÉR FÓLK



Bók um sjálfbær samfélög
og hvernig bókasafnið gegnir
lykilhlutverki svo að þau þrífist



Borgarbókasafnið er á 8 stöðum í borginni



Borgarbókasafnið
Árbæ



Borgarbókasafnið
Gerðubergi



Borgarbókasafnið
Grófinni



Borgarbókasafnið
Spönginni



Borgarbókasafnið
Klébergi



Borgarbókasafnið
Kringlunni




Borgarbókasafnið
Sólheimum



Borgarbókasafnið
Úlfarsárdal

Skipurit



MIÐPUNKTUR MANNLÍFS


í hverfunum

Ómissandi staður í borginni,
sannkallað opið rými allra

Stefna og aðgerðaáætlun Borgarbókasafnsins 2025-2028

Áherslur

Eftirfarandi áherslur fylgir aðgerðaáætlun með tímasettum verkefnum. Sú áætlun er uppfærð þegar verkefnum lýkur og önnur hefjast sem samræmast stefnunni á líftíma hennar. Aðgerðaáætlunin er því breytilegt skjal.



1

Áhersla

Leiða samtal, uppbyggingu, þróun og nýsköpun

2

Áhersla

Efla lestur, læsi, miðlun, tengsl og samstarf

3

Áhersla

Deila þekkingu, upplýsingum, rými og hlutum

4

Áhersla

Jafna aðstöðu, aðgengi, tækifæri og þátttöku

Stefna og aðgerðaáætlun Borgarbókasafnsins 2025-2028 | Borgarbókasafnið

Aðgerð 1.1

Auka meðvitund stjórnvalda og almennings um gildi almenningsbókasafna.

Verkefni sem fylgja aðgerð 1.1	Tímarammi:	Byrjað:	Lokið:
Þýða Stefnuskrá IFLA-UNESCO. Birta á vef og í starfsmannahand- bók safnsins.	Ábyrgð: Borgarbókavörður Kostnaður: Skrifstofa BBS Tímarammi: Vor 2026	✓	
Vinna heildstætt að þýða kynna almenningsbókasöfn með forstöðumönnum almenn- ingsbókasafna í SFA.	Ábyrgð: Deildarstjóri Gerðubergs Kostnaður: SFA Tímarammi: Vor 2026	✓	
Birta niðurstöður alþjóðlegs samstarfs á vefsíðu og öðrum miðlum, sem og samstarf við önnur bókasöfn, menningar- stofnanir og háskólasamfélagið.	Ábyrgð: Deildarstjóri miðlunar Kostnaður: Deild miðlunar og nýsköpunar Tímarammi: Vor 2026 – vor 2027		
Tengja heimsmarkmið Sam- einuðu þjóðanna aðgerðum og verkefnum Borgarbókasafnsins til að hljóta útnefningu sem heimsmarkmiðabókasafn.	Ábyrgð: Deildarstjóri miðlunar Kostnaður: Deild miðlunar og nýsköpunar Tímarammi: Vor 2026 – vor 2027	✓	
Endurskoðun á	Ábyrgð: Skrifstofustjóri og deildar- stjórnar		

Aðgerð 1.2

Tryggja framgang nýs Grófarhúss og annarra safna sem áætlað
er að flytja, breyta eða reisa, í nánú samtali við svið borgarinnar,
pólitíska fulltrúa og hagaðila.

Verkefni sem fylgja aðgerð 1.2	Tímarammi:	Byrjað:	Lokið:
Vinna markvissa kynningaráætlun um miðlun af framgangi verkefn- isins til borgarbúa.	Ábyrgð: Deildarstjóri nýsköpunar Kostnaður: Miðlun og nýsköpun Tímarammi: Sumar 2025 – vor 2026	✓	
Styrkja orðræðu um umbreytingu Grófarhúss út á við og miðla er þetta á milli borgarbúa og Grófarhússins. Einnig miðla um nýsköpunar miðlun og fyrirgjöf um. Einn samtali við pólitík- ina og inni í fjárhagsáætlunum borgarinnar.	Ábyrgð: Borgarbókavörður og deildarstjóri nýsköpunar Kostnaður: Miðlun og nýsköpun Tímarammi: Sumar 2025 – haust 2027	✓	
Vinna um miðlun og nýsköpun fyrir starfsemi bókasafnsins og starfsstöðvar starfsfólks í Grófinni vegna breytinga á Grófarhúsi.	Ábyrgð: Deildarstjóri nýsköpunar Kostnaður: Eignaskrifstofa / BBS Tímarammi: Vor 2026		
Undirbúa flutning á safnkosti vegna breytinga á Grófarhúsi, m.a. finna hluta safnkosts annan stað.	Ábyrgð: Deildarstjóri nýsköpunar og Safnstjóri aðalsafns Kostnaður: Eignaskrifstofa Tímarammi: Vor 2026		
Vinna að undirbúningi fyrir nýja staðsetningu Borgarbókasafn- sins Árbæ.	Ábyrgð: Borgarbókavörður Kostnaður: Eignaskrifstofa / BBS Tímarammi: Haust 2025 – vor 2026	Hætt við	
Kynna barnahæð í nýju Grófarhúsi með sýningu á Hönnunarmars.	Ábyrgð: Deildarstjóri nýsköpunar Kostnaður: USK Tímarammi: Vor 2025		✓

Sýnishorn úr aðgerðaráætlun með stefnu

Tölur fyrir árið 2025:

- 540.000 útlán 2025
- 580.000 heimsóknir notenda (8% aukning)
- Starfsmenn eru um 110 í 77 stöðugildum
- Safnkostur er um 400.000 eintök og reynt að halda honum stöðugum þar
- Rammi ársins 2026:
 - Framlög: 1.627.219.000
 - Laun: 1.030.300.000
 - Leiga húsnæðis og tækja: 371.427.000
 - Annar rekstrarkostnaður: 275.812.000



- **Börn**

- **8400** börn í skipulögðum heimsóknum
- **153** viðburðir fyrir börn og ungmenni
- **195** klúbbar og fastir liðir fyrir börn og unglinga
- **70** hýsingaviðburðir fyrir börn og unglinga





- **Fullorðnir**

- **124** fræðslutengdir viðburðir fyrir fullorðna
- **166** fastir liðir fyrir fullorðna
- **182** hýsingarverkefna fyrir fullorðna
- **89** viðburðir og verkefni sem snúa að lestrarhvatningu og bókmenntaumfjöllun fyrir fullorðna
- **83** verkefni og viðburðir sem miða sérstaklega að inngildingu og þátttöku fólk sem tilheyrir jarðarsettum hópum
- **30** nýjar sýningar opnaðar

Helstu áskoranir í rekstri Borgarbókasafnsins

- Húsnæði Borgarbókasafnsins
Mjög lélegt ástand Grófarhúss
Sólheimar of lítið og illa farið
Árbær, leiguhúsnæði sem þarfnast endurbóta
- Fjármögnun og niðurskurður
- Skilningsleysi og þekkingarleysi á rekstri bókasafna
- Breytt samfélagsmynd
- Tæknibreytingar og stafrænar kröfur



Helstu tækifærin

- Nýtt Grófarhús
- Ný hverfi, ný uppbygging, bókasöfn styrkjast sem samfélagsmiðstöðvar
Samrekin söfn á milli stóru safnanna
- Mannauður
- Samstarf
- Umframopnun safna.
Þegar komið í Kringlu og Sólheima og verið að vinna í Gerðubergi og Spöng.
- Stafrænt læsi og upplýsingalæsi
- Inngilding



Framtíðarsýn fyrir Borgarbókasafnið

- Nýtt Grófarhús
- Sterk hverfissöfn auk aðalsafns í miðbæ: Kringlan, Sólheimar, Gerðuberg, Spöng, Krossmýrartorg, Úlfarsárdalur
- Stækka þarf Sólheima verulega eða flytja safnið í hentugra húsnæði.
- Samrekin almennings- og skólasöfn í skólum á milli hverfissafna. Skilyrði eru þó að húsnæði sé aðgengilegt almenningi
- Þegar eru blönduð söfn í Úlfarsárdal og Klébergi
- Ekki verði meira en 1 km göngufjarlægð í næsta bókasafn



Framtíðarsýn

Hugsaðu þér stað þar sem vel er tekið á móti öllum og það kostar ekkert inn. Stað þar sem þú getur verið eins og þú ert og leitað athvarfs frá amstri dagsins. Í samtali við aðra, fólk sem þú hefur annars ekki hitt, fæðast hugmyndir og þú uppgötvar eitthvað nýtt. Á þessum stað geturðu deilt því sem þú hefur – hugmyndum, reynslu og hæfni. Þegar þú gengur út hefurðu öðlast nýja sýn, lært eitthvað nýtt og tengst samfélaginu betur. Borgarbókasafnið getur verið þessi staður; samfélagsrými og þátttökugátt þar sem við deilum sögum, menningu og upplifun.

Samfélag sem getur og hefur vilja til byggja svona menningar- og almennings höll er samfélag sem ég vil og er stolt af því að

Endurgjöf frá gestum á sýningu um Grófarhúsið á Hönnunarmars

GRÓFARHÚS



Takk fyrir!



BORGARBÓKASAFNIÐ

